

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 126/2000

M

og

Vátryggingafélagið V v/fjölsk.tr. og húseigendur að X, Kópavogi

Tjón vegna vatsnflóðs í íbúð í kjallara hússins X, Kópavogi þ.5.2.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.5.2000.
2. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 1033/2000.
3. Lögregluskýrsla dags. 5.2.1999.
4. Bréf lögmanna M ódags. 1999 og dags. 18.6.1999 og 28.4.2000.
5. Bréf V dags. 29.6, 8.9. og 25.11.1999 og 15.5.2000.

Málsatvik.

M keypti kjallaraíbúð að X í Kópavogi og fékk lykla afhenta þ. 4.2. 1999. Daginn eftir þegar komið var að íbúðinni var vatn yfir öllum gólfum í íbúðinni og virtist það koma upp í kjallaratröppum utan íbúðarinnar og renna inn með útihurð hennar. S sameigandi M að X skrúfaði frá vatnskranu í þvottahúsi hússins um morgunin til að fá vatn á bílskúr sinn, sem það gerði. S fór síðan, en gætti þess ekki, að vatn kom einnig í næsta bílskúr og átti greiða leið niður í sökkul bílskúrsins og virðist að því er segir í lögregluskýrslu hafa runnið í jörðu og komið fram í kjallaratröppum og runnið inn í kjallaraíbúðina. Lögmaður M gerir kröfu á hendur V vegna tjónsins úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar S, en lögmaður M heldur því fram, að S hafi sýnt af sér bótaskylda vanrækslu þar sem S hafi skrúfað frá vatninu áður en hann fór til vinnu og komið til baka fyrst 6 stundum síðar. V. hafnaði bótaskyldu og benti á 5. gr. skilmála ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar sem segir, að vátryggingin bæti ekki tjón sem fellur á vátryggðan sem eiganda húseignar eða húseignarhluta. Í bréfi sínu þ. 15. 5. s.l. segir V. að afstaða félagsins byggist á, að ósannað sé að S hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn enda hafi hann mátt gera ráð fyrir að framkvæmdum væri lokið á næsta bílskúr og verði því tjónið rakið til frágangs verktaka á lögnum og krönum en ekki þess, að vátryggingartaki skrúfaði frá vatninu.

Álit.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að S hafi kannað aðstæður eða ráðfært sig við sameigendur sína áður en hann skrúfaði frá vatninu að morgni 5.2.1999 skömmu áður en hann yfirgaf vettvang og kom ekki til baka fyrr en 6 stundum síðar. Með þessu sýndi S af sér alvarlegt gáleysi sem leiðir til bótaskyldu hans. Ekki verður séð, að 5. gr. skilmála ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar eigi við í málinu. Af þeim sökum á M rétt á bótum frá V úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar S. hjá V. Bent er á að gögn málsins eru mjög takmörkuð.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum frá V.

Reykjavík 6.6.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.